



Fundargerð stjórnarfundar

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt: Grétar, Valgeir, Gunnar, Lúlli, Elma, Rósborg, Katrín

Dagsetn. 8. apríl kl 19:30

Haldinn á Teams og á skrifstofu BLÍ

1. Reglugerðarbreytingartillögur

- **HP afreksverkefni.** Það er búið að senda póst á félög, sem eiga lið í efstu deild varðandi, fundartíma. Í framhaldinu verður fundað með öllum félögum og staðan tekin á því hvernig félögin horfa til þess að hafa lið ungs afreksfólks í efstu deild. Lúlli leiðir samtalið við félögin.
- **Leikmannasamningar.** Grétar og Lúlli leiða vinnuhóp um endurskoðun leikmannasamninga. Það vantar tvo fulltrúa leikmanna og tvo fulltrúa félagar til að fara inn í þá vinnu með fulltrúum stjórnar. Vinnu við nýja leikmannasamningu skal vera lokið fyrir 15. maí n.k.
- **Vinnuhópur um erlend félagaskipti.** Borja leiðir vinnu um það hvort við ætlum að taka upp erlent félagaskiptakerfi vegna erlendra leikmanna sem koma til Íslands að spila. Ef áhugi er fyrir hendi þá yrði það ekki tekið upp fyrr en í fyrsta lagi haustið 2027
- **Stigafyrirkomulag í deildarkeppni.** Dúna tók saman hugsanlegar breytingar á stigaskori og stigum sem félög geta tekið með sér í úrslit eftir að búið er að skipta í efri og neðri spil. Ýmsar útfærslur voru til umræðu og það verður farið yfir samantektina áður en ákvörðun verður tekin um fyrirkomulag. Valli og Gunni koma inn í þá vinnu með Dúnu og skilar inn nákvæmri útfærslu á fyrirkomulagi til stjórnar. Ákvörðun þarf að liggja fyrir 15. maí n.k.
- **Félagaskipti þeirra sem ekki hafa leikið í deild í nokkur ár.** Borin var fram tillaga á ársþingi varðandi það hvort félög megi sækja leikmenn sem ekki hafa leikið í mótum, utan félagaskiptaglugga. Það væri fínt að horfa til þess sem önnur sambönd eru að gera og taka mið af því eins og hægt er.

2. Hlutverk stjórnarmeðlima

- Hlutverk innan stjórnar og nefnda
- Tillaga um að Valli haldi áfram sem formaður og Gunnar haldi áfram sem gjaldkeri. Varðandi mótanefnd þá ætlar Elma að koma þar inn sem fulltrúi stjórnar. Í aðrar nefndir BLÍ var raðað á síðasta stjórnarfundum.

3. Afreksstefna BLÍ

- Nú þarf að endurskoða og fara í þá vinnu að uppfæra afreksstefnu BLÍ. Afreksstjóri þarf að koma að þeirri vinnu með afreksnefnd. Stefnan þarf að vera búið að samþykka af stjórn í síðasta lagi 1. desember n.k

4. Afreksverkefni á komandi starfsári

- **Hvort viljum við staðsetja okkur innan SCA eða NEVZA ?** Það þarf að vera búið að ákveða það hvar okkar hagsmunun er best borgið fyrir, 1. setpember n.k.
- **Hvaða verkefnum eigum við að taka þátt í á komandi starfsári.** Sú vinna fer fram inni í afreksnefnd og með afreksstjóra.

5. Önnur mál

- Stjórn hyggst fara yfir hlutverk dómaranefndar og meta hvort tilefni sé til endurskipulagningar. Jafnframt þarf að skoða hvernig menntun og endurmenntun dómara skuli háttað og hefja markvissa vinnu við að móta skýran ramma sem skilgreinir hlutverk þeirra betur og skýrir regluverkið. Valli mun leiða þá vinnu og fara yfir með dómaranefnd hvernig megi efla hæfni stærri hóps dómara. Markmiðið er að byggja upp sterkan grunn til framtíðar, enda er mjög mikilvægt að fjölga hæfum dómurum á efsta stigi
- Mótanefnd þarf að fara að hefja vinnu við niðurröðun leikja fyrir en seinna og tryggja sér tíma húsum. Uppröðun leikja þarf að vera betri en á yfirstandandi tímabili.